

Skýrsla nefndar
um
nýtingu rekaviðar

Apríl 1999

Inngangur

Þann 9. september, 1995 skipaði landbúnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu.


Var nefndin skipuð í framhaldi af samþykkt þingsályktunar á Alþingi. Flutningsmenn tillögunnar voru Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Sigurður Hlökkversson og Stefán Guðmundsson.

Í nefndina voru skipuð: Brynjólfur Sæmundsson héraðsráðunautur, Elín Antonsdóttir iðnráðgjafi, Pétur Guðmundsson rekaviðarbóndi, Sveinn Jónsson húsasmiður og Níels Árni Lund deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Var hann jafnframt formaður nefndarinnar.


Nefndin ræddi ýmsar hugmyndir og hvort leynst gætu nýir möguleikar í nýtingu þeirrar auðlindar sem rekinn vissulega er. Nefndarstarfið dróst m.a. vegna þess að beðið var eftir niðurstöðu úr þeirri tilraun að flytja rekavið óunninn til sögunar frá Langanesi til Akureyrar til vinnslu þar.

Niðurstaða nefndarstarfsins var í stuttu máli þessi: Verð á innfluttu timbri er mjög lágt. Söfnun og vinnsla rekans þolir mjög lítinn tilkostnað. Mikið efni gengur úr við vinnsluna. Því er öll úrvinnsla best komin sem næst þeim stöðum, þar sem mest rekur. Á markaðnum eru ný og fullkomin tæki til vinnslu rekans, þessa tækni hafa rekabændur nýtt sér. Og nýting rekans er víða mjög góð búbót sem rétt er að styðja við eftir föngum.


Akureyri 21. apríl 1999




Níels Árni Lund, formaður



Elín Antonsdóttir



Sveinn Jónsson



Brynjólfur Sæmundsson



Pétur Guðmundsson

Nefndarstarfið

Nefndin kannaði tiltækt efni og þær upplýsingar sem aðgengilegar eru varðandi rekavið og nýtingu hans. Þar á meðal er ágæt grein eftir Brynjólf Sæmundsson sem ber heitið “*Viðarreki á Ströndum og nýting hans*” og fylgir hún með þessu álitum sem fylgiskjal.

Í reynd er annars ekki mikið efni til um rekaviðinn enda hefur hann verið þau hlunnindi sem eigendur eru nokkuð meðvitaðir um og byggist þekking þeirra og nýting rekaviðarins á reynslu kynslóðanna. Voru þessar heimildir fyrst og fremst staðreyndalýsingar um rekaviðinn, s.s. hvaðan hann kemur, hvar á landinu helstu rekajarðirnar eru og hvernig hann hefur verið nýttur í gegn um aldirnar, en svo sem flestum er kunnugt hefur hann verið notaður til smárra og stórra bygginga, til eldiviðar, rifinn í girðingarstaura og notaður til sérsmiða, m.a. af listafólki.

Þar sem ofangreind nýting hefur tíðkast frá því land byggðist taldi nefndin það ekki vera sitt hlutverk að tíunda hana frekar en alþjóð veit. Miklu fremur leit hún á það sem sitt verk að finna einhverja nýja möguleika sem gætu gefið nokkuð í aðra hönd. Var þá helst litið til framleiðslu á smíðaviði í mismunandi stærðum.

Hefðbundin nýting rekaviðarins

Í flestum tilfellum er rekaviðurinn unninn “á staðnum”. Það er síðan undir eiganda komið hvort og hvernig hann nýtir viðinn sjálfur eða kemur honum í verð á annan hátt. Enn er mikið um að spýtur séu klofnar í girðingarstaura og þarf ekki að fjölyrða um þá aðferð. Stauramarkaður hefur hins vegar dregist mikið saman. Samdráttur hefur orðið í hefðbundnum girðingarframkvæmdum en einnig hafa rafgirðingar leyst af þær hólmi með öðru efni en rekavið. Reynsla þeirra bænda sem notað hafa að rekaviðarstaura í rafgirðingar segir að ekkert sé því til fyrirstöðu að það sé gert.

Aðstaða rekabænda er mjög mismunandi, ræðst það meðal annars af því hvernig aðstaða er til söfnunar á þeim við sem á fjörurnar ber, og því hvernig einstakir aðilar hafa búið aðstöðu sína. Í flestum tilvikum er aðstaðan miðuð við það magn sem viðkomandi hefur yfir að ráða og hann þarf að nota. Einnig er um að ræða að viðkomandi sagi fyrir aðra og sömuleiðis að hann komi viðnum í verð og þá einkum sem efni í girðingar. Algengt er að rekabændur nýti viðinn sem burðarefni í útihús, og sömuleiðis er algengt að þeir vinni úr honum grindarefni í fjárhús.

Dæmi eru um að á síðustu árum hafi verið byggð íbúðarhús og sumarbústaðir úr heimaunnum rekaviði. Góður rekaviður þykir yfirleitt betri en innfluttur viður.

Þótt margir rekabændur hafi komið sér upp aðstöðu til vinnslu rekans, þá eru þeir samt fleiri sem hafa enga eða lélega aðstöðu. Því var talið að til væri markaður fyrir sög á hjólum, eða færanlega sögunaraðstöðu. Norður í Árneshreppi var stofnað fyrirtækið Háiareki ehf. sem á færanlega sög og hefur nú talsverða reynslu hvað varðar flokkun, sögun og markaðssetningu rekaviðar. Verður vitnað til þess hér á eftir.

Háireki ehf. hefur einkum sagað fyrir bændur á Ströndum og á Norðurlandi eystra, allt að Vopnafirði.

Til þess að nýta þjónustu Háareka ehf. hafa bændur safnað timbri sínu saman á ákveðna staði þar sem það er sagað í þær stærðir sem timbureigandinn vill og rekinn gefur tilefni til. Háireki ehf. fær síðan greitt fyrir, ýmist með timbri eða peningum.

Mjög misjafnlega er erfitt að sækja viðinn á fjörurnar og einnig mjög breytilegt hver nýtingin er.

Helstu kostir við þessa aðferð eru:

- að einstaka rekabændur þurfa ekki að byggja upp aðstöðu og fjárfesta í dýrum tækjum sem nýtast í stuttan tíma og eru óarðbær fjárfesting.
- að viðurinn er sagaður eftir þörfum hvers og eins í sumum tilfellum heima í hlaði.
- að flutningskostnaði er haldið í lágmarki.
- að nýtt er kunnátta og reynsla þeirra sem þekkja rekavið hvað best.

Helsti ókostur er:

- Flutningur á sögunarvélinni er dýr og því mikilvægt að viðkomustaðir séu sem fæstir og sem mest magn af rekavið á hverjum stað.

Hvað mest hefur verið sagað í Strandasýslu og á Langanesi enda mikill reki á þeim stöðum og víða nokkuð góð aðstaða til að nálgast viðinn og löng hefð fyrir nýtingu hans. Segja má að nær allur eldri reki hafi verið nýttur á stórum svæðum og óðum styttist í að þar verði einungis um nýjan reka að ræða. Á mörgum bæjum er umgegni um rekann til fyrirmyndar og þar er hann veruleg búbot fyrir eigendur sem margir hverjir hafa komið sér upp ágætri aðstöðu til sögunar og nýta rekann einnig til upphitunar.

Þá hefur Háireki einnig sagað nokkuð af timbri úr Norður-Ísafjarðarsýslu.

Fyrir norðurlandi hafa rekabændur sinnt reka sínum vel enda víðast stutt í markað fyrir girðingarstaura, rifna og sagaða.

Hvað varðar rekaviðinn almennt þá má gera ráð fyrir að viðurinn skemmist um 10% á ári við að liggja óhreyfður í hirðuleysi á rekanum. Þannig er 10 ára gamall viður og eldri vart nýtanlegur. Að sjálfsögðu getur þessi tími verið breytilegur og ræðst "lífaldur" rekans af mörgum þáttum.

Áætla má að þegar búíð er að fara á fjöruna og vinsa út það sem er vinnsluhæft að ekki sé nema 40% af rekanum nýtanleg markaðsvara. Mest er um furu, greni og lerki. Annað, til að mynda birki og hvers konar harðviður er fáséð. Helsti vandi við spýturnar er grjót og sandur sem gengið hefur inn í viðinn, þá eru sumar snúnar og stórkvistóttar og sver tré eru yfirleitt rifin í miðjunni.

Gæði og ástand viðarins koma hins vegar oft ekki í ljós fyrr en farið er að saga viðinn. Fallegar spýtur, ekki síst sverar, eru oft svo rifnar í miðjunni að ekki er hægt að nýta nema hluta bolsins og einnig getur spýta verið svo fúin í merginn eða svo full af sandi að hún er vart nýtanleg til sögunar.

Aftur á móti má halda því fram að besta efnið í rekanum sé fyllilega sambærilegt eða betra en sá skógarviður sem helst er á markaðnum. Þessi rekaviður er hins vegar aðeins lítil hluti þess sem rekur. Þá hefur stærstur hluti nýtanlegs rekaviðar þegar verið nýttur og haldi svo áfram sem horfir má ætla að innan tíðar verði að mestu um að ræða vinnslu á nýjum rekavið.

Enn er samt eftir á rekanum mikið af brennanlegu efni, mori og lélegum spýtum sem nýtist vel til upphitunar.

Nýting rekaviðar til upphitunar

Þegar búíð er að hirða það af rekanum sem nýtanlegt má teljast, má áætla að fast að helmingur þess sem rekið hefur sé eftir í fjörunni, mor og ónýtur bolviður. Þessum spýtum var brennt áður fyrr og dugðu þær ekki til. Þótt hætt hafi verið að nýta rekann til eldiviðar í þeim mæli sem áður var, hefur oft verið litið til þessa þáttar að nýju, m.a. á þeim árum sem olíuverð var hæst og rafmagnsverð sömuleiðis. Leitað var að hentugum kötlum og sömuleiðis lögðu allmargir bændur út í smíði á heimatilbúinni aðstöðu til að nýta rekann til upphitunar húsa. Finna mátti dæmi þar sem eins til tveggja daga kynding hitaði upp allt vatnsmagn sem heimilið þurfti til 3 - 5 daga. Hverjar sem svo ástæðurnar eru hefur dregið úr þessari notkun þótt vissulega megi finna dæmi um hið gagnstæða. Ljóst

er að öflun eldiviðar af reka er erfið og tímafrek jafnvel þó að aðstæður séu auðveldar.

Á svæðum þar sem samdráttur er í hefðbundnum búskap og tekjur bænda því lágar er nýting þeirrar orku sem fólgin er í rekaviðarúrgangi augljóslega hagstæð, ef menn nota hann til kyndingar heima hjá sér, auk þess sem æskilegt er að fjarlægja hann, af umhverfisástæðum.

Tilraun með verksmiðjuframleiðslu

Um svipað leiti og nefndin var skipuð var í undirbúningi tilraunaverkefni með vinnslu á rekavið í Eyjafirði. Ákvað nefndin að fylgjast með þessu máli og bíða með niðurstöður sínar þar til árangur verkefnisins kæmi í ljós.

Nokkrir menn á Akureyri tóku á leigu rekajörðina Skoruvík á Langanesi, sóttu þangað all mikið af timbri og fluttu til Akureyrar til vinnslu.

Fyrst var gengið um rekann og valdar úr þær spýtur sem vænlegar þóttu til vinnslu. Þær voru síðan bútaðar niður og fluttar með vörubílum til Þórshafnar þar sem viðnum var umstaflað á stærri flutningstæki og flutt til Akureyrar. Þar var fengin aðstaða í nokkuð rúmgóðri skemmu og þar var timbrið sagað og flokkað.

Til Akureyrar voru fluttir u.þ.b. 420 rúmmetrar utan úr Skoruvík. Af þessu magni fengust um 120 rúmmetrar af söguðu efni. Sagaða timbrið var selt beint. Í upphafi var ætlunin að selja þetta í gegn um timburverslun, en fyrirtækið vildi borga fyrir það 6. flokks verð með 30% afslætti en það var talið óaðgengilegt. Í stað þess gæðaflokkuðu sögunaraðilar timbrið og seldu án milliliða og fengu all mikið meira fyrir timbrið þannig.

Þá var töluvert kurlað eða um 50 stórsekkir og reynt að afla markaðar fyrir það. Niðurstaðan var sú að enginn markaður var fyrir kurlið, og engan veginn fékkst fyrir kostnaði við kurlunina.

Þá voru bökin löguð til þannig að þau voru öll jafnþykk þ.e.1" en mismunandi að lengd og breidd og voru þau seld í búntum. Bændur keyptu þetta efni m.a. í milligerðir og lambagrindur.

Akureyrardæmið gekk ekki upp. Aðalástæðan var mikill flutningskostnaður á ónunnum við sem reyndist ekki nothæfur. Þar sem nýting var ekki nema u.þ.b. 30%, og því verið að flytja rúmlega þrefalt meira efni en selt var að sögun lokinni.

Sérstaða rekaviðar

Um langa hríð hefur verið töluverð eftirspurn eftir völdu rekatimbri til viðgerða á gömlum timburhúsum. Til þeirra hluta hentar rekaviðurinn mjög vel. Bæði er að áferð hans fellur mjög vel að eldra timbrinu, enda mörg af þessum húsum upphaflega byggð úr rekaviði og einnig hafa margir mikla trú á endingu hans vegna þeirrar náttúrulegu fúavarnar sem hann hefur fengið úr sjávarseltunni.

Á seinni árum hefur fjölgað mikið gömlu mhúsum sem ber að friða lögum samkvæmt og má því búast við að eftirspurn eftir rekatimbri til þeirra þarfa fari vaxandi. Mikilvægt er því, að þörfum þessa markaðar sé vel sinnt.

Í sambandi við fúavarnareiginleika sjávarseltunnar er vert að benda á sérstöðu rekatimbursins til notkunar í sólpalla, garðhúsgögn og annað timburverk á lóðum og á leikvöllum. Sjávarseltan er umhverfisvæn fúavörn og fúavarnareiginleikar hennar byggjast á því að hún eyðileggur starfsskilyrði fúasveppa, gagnstætt því að önnur fúavarnarefni sem fást á markaði drepa þá með því ríkulega eitri sem þau innihalda og hafa þá væntanlega svipuð áhrif á fleiri lífverur.

Nýting rekaviðar til listmunagerðar

Í aldanna rás hefur rekaviður verið notaður til hvers konar smærri smíða s.s. búshalda til notkunar innan og utanhúss, húsgagna og annarra muna sem til voru og notaðir á hverju heimili.

Þá sem nú, voru til einstakir hagleiksmenn sem smíðuðu betri og fallegri gripi en aðrir. Nú er vart hægt að tala um að bein þörf sé á rekavið til þessara smíða, enda annar viður og önnur efni aðgengileg. Aftur á móti hefur mörgum skapandi mannum orðið ljós sérstaða rekaviðarins og nýtt sér hann til listmunagerðar. Einkum er um að ræða smærri hluti og þá gjarnan rennda, s.s. skálar, lampa, bakka ofl. Einnig hafa margir auga fyrir sérkennilegum sjó- og veðurbörðum smáspýtum sem þeir hafa eitthvað lagað til m.a. með litum og útbúið þannig fallega gripi sem margir ásælast. Þá hafa einstaklingar notað slíkan rekavið á fjölbreyttan annan máta s.s. í garðhúsgög, grindverk, gangstíga ofl. sem vekur athygli. Enn má nefna notkun hinna eftirsóttu hnyðja sem víða sjást í görðum í óteljandi myndum, til augnayndis og annarra nota.

Þannig mætti lengi telja. Öll þannig notkun rekaviðarins er af hinu góða. Ætla má þó að þessi notkun verði alltaf takmörkuð og má þar nefna þrjú atriði; takmarkað framboð af listafólkinu, kaupendum og efniviðnum. Spýturnar þurfa oft að vera sérvaldar af listamanninum eða notandanum sjálfum og þrátt fyrir mergð á reka vill oft koma upp sú staða

að þótt mikið sé úrvalið við fyrstu sýn þá verður valið erfitt og ekki finnst nákvæmlega það sem leitað var að. Sjálfsagt er að ýta undir vinnslu og markað sem þennan og má fullyrða að handverkshópar sem nú eru starfandi um allt land þekkja þennan möguleika og nýta sér hann eftir því sem hægt er með góðu móti. Þá er einnig sjálfsagt að hvetja rekaeigendur til að opna reka sína fyrir því fólki sem hefur áhuga á og kann að nýta sér rekaviðinn á þennan máta. E.t.v. gæti þar orðið um einhverja búbot að ræða fyrir ýmsa.

Skráning rekaviðar

Eitt mikilvægasta atriðið í bættri og aukinni nýtingu rekaviðar er að auðvelda væntanlegum kaupendum að nálgast þá vöru sem úr rekavið er unnin.

Þar sem framleiðsla og birgðahald er dreift um land allt og aðeins lítið magn á hverjum stað getur verið erfitt að kaupa umtalsvert magn hverju sinni. Skráning á öllum rekavið á einum stað mundi bæta úr þessu (bæði unninn og óunninn viður). Bændasamtök Íslands í samvinnu við Búnaðarsamband Strandamanna og Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði hafa gert forrit til skráningar á rekaviði. Ef allir sem vinna og selja reka nota þessa skráningu getur væntanlegur kaupandi fengið nákvæmar upplýsingar um það hvað er til hverju sinni, ástand þess, öll mál og stærðir og hvar viðurinn er. Forritið er í umsjá Búnaðarsambands Strandamanna og er nánast tilbúið til notkunar.

Nefndin telur að forrit sem þetta gegni mikilvægu hlutverki við markaðssetningu og sölu á þeim rekavið sem á markað á að fara.

Lokaorð

Eins og fram kom í upphafi skýrslunnar leit nefndin svo á að henni bæri að kanna nýjar hugmyndir varðandi nýtingu rekaviðarins.

Erfitt er að benda á einhverja þá þætti sem ekki hafa verið reyndir og líklegir eru til að skila markverðum árangri.

Nefndin bendir hins vegar á eftirfarandi atriði sem hafa ber í huga við nýtingu rekaviðar.

- Nú eru til í landinu fullkomnari, hentugri og afkastameiri vélar en áður þekktust. Þar sem nýting þessara véla er takmörkuð ættu rekaeigendur að kanna möguleika á sameiginlegri nýtingu á þeim, til að styrkja þá sem þegar hafa lagt í all verulegan kostnað, og losna þar með sjálfir við að leggja í óhagkvæma fjárfestingu.
- Á svæðum þar sem samdráttur er í atvinnulífinu getur nýting rekaviðar verið hagstæð. Rekaviðurinn er mörgum búbót sem um munar en leggja þarf áherslu á að halda öllum tilkostnaði í lágmarki ef nýting á að bera sig.
- Besta efnið á rekanum er fyllilega sambærilegt eða betra en sá skógarviður sem helst er á markaðnum. Talsverður hluti rekaviðarins er hins vegar skemmt eða lélegt efni sem vart er hægt að meta fyrir en farið er að saga bolina. Varast skal því langan og dýran flutning á óunnum rekavið.
- Hvetja þarf rekaeigendur til að opna reka sína fyrir áhugafólki og bendir nefndin þar sérstaklega á handverksfólk sem nýtir rekaviðinn til listsköpunar. Þannig gæti rekinn orðið ákveðinn tegund af ferðapjónustu og mundi henta ákveðnum svæðum og ferðapjónustuaðilum sem afþreyingarmöguleiki.
- Mikilvægt er að ljúka því forriti sem verið er að móta og á að veita upplýsingar um fánlegan rekavið og auðvelda markaðssetningu hans. Aðgangur rekaeigenda að forritinu þarf að vera auðveldur og hvetja þarf til notkunar á því.
- Sinna þarf áfram þeim hefðbundnu mörkuðum sem fyrir eru, en rekaviður er mikilvægt efni til viðhalds og varðveislu gamalla húsa og sem girðingarefni.

- Nefndin hvetur til þess að rekaviður verði áfram nýttur í bygginga- og smíðavið eftir því sem tæk eru á. Jafnframt minnir nefndin á að vinnsla rekans er best komin heima á viðkomandi svæði.
- Nefndin bendir á að hægfara þróun heima í héruðunum, í vinnslu og nýtingu rekans er æskilegasta leiðin, því vinnsla þessi þolir ekki mikinn tilkostnað. Slík þróun hefur átt sér stað undanfarin ár og hana ber að styrkja.
- Nefndin hvetur til að gerð verði vísindaleg rannsókn á fúavarnareiginleikum sjávarseltunnar á rekaviðinn.

Fylgiskjal.

Viðarreki á Ströndum og nýting hans

Viðarreki hefur löngum verið talinn meðal gagnsömustu hlunninda á Ströndum. Hefur svo verið frá upphafi byggðar. Þá hafa og fundist eldri ummerki þess að mikill trjáreki hefur borist að ströndinni og ekki gott að segja hvað þær minjar eru mörg þúsund ára gamlar. Þorvaldur Thoroddsen getur þess að hann hafi á ferðum sínum víða séð tré standa út úr moldarbörðum og í lækjarfarvegum nálægt sjó. Þegar Ásgeir Einarsson bjó í Kollafjarðarnesi um og eftir miðja síðustu öld, ætlaði hann að upp úr túninu hefði komið rekaviður sem svaraði til farms á áttæring. Og í mýrinni fyrir neðan bæinn varð vart við rekavið og var ekki meira en skóflustunga niður á hann.¹

Árið 1975 mældi sá er þetta ritar fyrir affallsskurði í túninu á Finnbogastöðum í Árneshreppi. Þegar dýpi í skurðstæðinu var kannað með járnteini fannst að þar var eitthvað fast fyrir í sandjarðveginum annað en grjót og þegar skurðurinn var síðan grafinn kom upp úr honum mikið af rekatrjám og voru sum furðu lítið fúin. Dýpi ofan á viðinn var yfirleitt 1 - 2 metrar. Viðar varð vart 2 -300 metra frá sjó og var síst minna af honum þar sem lengra var frá sjó. Hæð yfir sjó mun hafa verið 3 - 4 metrar.

Mörg örnefni á Ströndum gefa vísbendingu um trjáreka, t.d. bæjarnöfnin Asparvík og Borðeyri.² Í landi Stóru-Ávíkur í Árneshreppi er vík sem heitir Kolgrafarvík. Þar hefur sá sem þetta ritar talið sig sjá móta fyrir fornri kolagröf ofan við fjörukambinn. Ekki er sennilegt að á þeim slóðum hafi á sögulegum tíma vaxið skógur sem nýtilegur hafi verið til kolagerðar, en svo vill til að vikin er ein besta rekavíkin í Stóru-Ávíkurlandi svo allar líkur benda til að þar hafi verið gert til koma með rekavið og þar komin skýringin á nafninu.

GUÐS FRÁBÆRA UNÐUR

Jarðabókin 1703 greinir frá 73 rekajörðum í Strandasýslu. Á 36 þeirra er lítill reki, sámilegur á 27, en mikill á 10 jörðum.³ Í bók sinni, Hlunnindajarðir á Íslandi, sem Lárus Ágúst Gíslason gaf út 1982, telur hann að rekajarðir í Strandasýslu séu 83. Ekki gerir hann tilraun til að leggja mat á magn.⁴

Í skóglausu landi þar sem samgöngur við önnur lönd voru litlar og óvissar og flutningsmöguleikar takmarkaðir liggur í augum uppi hversu mikilvægur rekaviðurinn var á fyrri öldum, enda segir Oddur biskup Einarsson á sextánda öld: "En svo ég hverfi aftur að viðarskortinum, þá bætir guð hann upp með því frábæra undri rekaviðnum, sem öldur hafsins bera þráfaldlega að ströndum vorum." Það voru heldur ekki önnur hlunnindi eftirsóttari og biskupsstólar, kirkjur og klaustur létu ekki sitt eftir liggja að taka þátt í kapphlaupinu um þessar sendingar almættisins og þessir aðilar áttu rekaitök og rekajarðir víðs vegar um land, oft í ótrúlegri fjárlægð.

Þannig átti biskupsstóllinn í Skálholti fjölda reka og rekaitaka í Strandasýslu, þar á meðal hálfu prestsetursjörðina í Árnesei, en undir hana lá rekaitak á Dröngum, jarðirnar Litlu-Ávík og Stóru-Ávík í Árneshreppi, Grímsey á Steingrímsfirði, rekaitak á

¹ Íslenskir sjávarhættir, 1980. Lúðvík Krisstjánsson.

² Sama heimild.

³ Sama heimild.

⁴ Hlunnindajarðir á Íslandi, 1982. Lárus Ágúst Gíslason.

Gálmaströnd, rekaítak á Þambárvöllum og jörðina Skálholtsvík sem ennþá er kennd við biskupsstólinn. Misjafnlega gekk nú biskupum að nýta þessar eignir sem lágu svo fjarri, enda sagði Finnur biskup Jónsson í bréfi 1771: "Meðal annars á stóllinn reka á Gálmaströnd fyrir hvorn ég fékk ei skilding í margt ár, því umboðsmenn sögðu að þar ræki ekkert og það sem verra var, að aðrir þóttust eiga þann reka og tæki svo hver hvað vildi."⁵ Eftir því sem leið mun rekaítökum biskupsstólsins hafa fækkað en um aldamótin 1700 átti hann 42 rekaítök víða um land, en þar af voru 8 í Strandasýslu.

Fjöldi kirkna um land allt áttu rekajarðir og ítök í reka hér og hvar. Voru þær eignir oft þannig til komnar að þeir sem eitthvað áttu undir sér gáfu kirkjunum fyrir sáluhjálp sinni og þóttu rekahlunnindi góður gjaldmiðill í þeim efnun. Mörg rekaítök í Strandasýslu lágu undir kirkjur í fjarlægum héruðum, t.d. áttu 8 kirkjur í Dalasýslu rekaítök og voru þau öll í Strandasýslu og þrjár kirkjur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum áttu einnig rekaítök þar.⁶

Samkvæmt rekaskrá Helgafellsklosturs frá 1355 átti klaustrið 15 reka í Strandasýslu og Þingeyraklaustur átti þar 9 víðarreka samkvæmt rekaskrá frá 1250.⁷

MEÐ DRÖGUR YFIR DRANGAJÖKUL

Rekaviður af Ströndum var fyrrum fluttur til margra aðliggjandi héraða, oft um langa vegu. Mest var hann fluttur á landi og var þá ekki um annan flutningsmáta að ræða en að flytja hann á hestum. Voru þá sett tvö tré á hvern hest, bandi brugðið utan um tréð þannig að þriðjungur trésins var fyrir framan en tveir þriðju að aftan og síðan lyft til klakks. Hvíldi þá fremri hluti trésins alveg á hestinum en sá aftari dróst með jörð. Í Barðastrandarsýslu voru þessar klyfjar kallaðar drögur. Að sjálfsögðu hafa því verið mikil takmörk sett hvað hægt var að leggja á hvern hest.

Úr Djúpi og Barðastrandarsýslu var algengt að farnar voru víðarferðir á nyrstu bæina í Strandasýslu, Dranga og Ófeigsfjörð. Voru þá farnar Meyjardalsheiði sem liggur frá Dröngum að hluta yfir Drangajökul og niður í Skjaldfannardal, eða Ófeigsfjarðarheiði, sem liggur frá Ófeigsfirði yfir í Hraundal á Langadalströnd. Þessar heiðar voru taldar vera um þingmannaleið milli byggða. Síðan lá leiðin áfram suður yfir Kollafjarðar- eða Þorskafjarðarheiðar suður að Breiðafirði. Þeir sem bjuggu austast í Barðastrandarsýslu eða í Dalasýslu sóttu víðinn innar í Strandasýslu og fóru þá Tröllatungu- eða Steinadalsheiðar. Dæmi munu hafa verið um að farnar hafi verið víðarferðir úr Borgarfirði, norður yfir Holtavörðuheiði í Hrótafjörð.⁸

Eitthvað mun hafa verið um að rekaviður væri fluttur á sjó og eru ýmsar heimildir til um það. Voru þá trén bundin saman í fleka sem róið var fyrir, eða jafnvel sigt

LÉLEGIR HÚSASMÍÐIR EN RÓMAÐIR SMÍÐIR.⁹

Áður fyrr var rekaviðurinn notaður til allra hluta, þar sem timburs þurfti við. Gnægð timburs dugði þó ekki til að húsakostur á Ströndum væri betri en annars staðar, heldur þvert á móti. Þegar Eggert Ólafsson ferðaðist um Strandir 1754 segir hann að Strandamenn séu harla lélegir húsasiðir og segist naumlega nokkurs staðar hafa séð jafn illa hýsta bæi og á Ströndum, einkum þó norðan Trékyllisvíkur. Og síðan segir hann: "Viðinn nota menn alls staðar óhófi. Honum er eytt eins og menn framast geta en

⁵ Íslenskir sjávarhættir, 1980. Lúðvík Kristjánsson.

⁶ Sama heimild.

⁷ Sama heimild.

⁸ Sama heimild.

⁹ Sama heimild.

þar til skipið festist í ísnum og var þrjú ár að hrekjast með honum yfir Norðurheimskautið. Síðar hafa fleiri vísindamenn rannsakað stefnu og hraða hafssins yfir Norðurheimskautið. Þeir Sæter, Ronhovde og Allen sýndu 1971 að rekhraðinn er frá 400 til 1000 kílómetrar á ári.

Sömu lögmál gilda um flutning rekaviðarins og hafssins. Golfstraumurinn fer norðaustur um Atlantshaf, meðfram Noregsströndum og inn í Barentshaf. Ferskvatnið frá stórflyótunum í Norður-Rússlandi og Síberíu veldur norðaustlægum straumum nærri ströndinni. Með þessum yfirborðsstraumum berst rekaviðurinn austur með strönd Síberíu, þar til hann mætir aðalhafstraumnum sem kemur úr Beringsundi. Hann fer svo um Norðurheimskautið til suðurs á milli Grænlands og Svalbarða og eðlilega lendir hluti af honum þar á leið sinni til Jan Mayen og Íslands. Samset telur að þessi timburflutningur frá Síberíu til Jan Mayen taki að meðaltali 4 - 5 ár.¹³

Til skýringar fylgja hér tvær myndir úr riti Samsets, mynd nr. 14, sem sýnir yfirborðsstrauma í Norðurishafinu og mynd nr. 15, sem sýnir líklega leið rekaviðarins frá Síberíu til Jan Mayen og Íslands.

VANNÝTT AUÐLIND

Enn í dag eru ómetanleg hlunnindi af rekaviðnum á Ströndum. Þó er víst að unnt væri að ná miklu meiri verðmætum út úr honum ef betur væri að verki staðið um nýtingu hans en raun er á. Í fyrsta lagi verður að segjast að víða er rekinn ákaflega illa hirtur. Honum er ekki bjargað frá sjó og það sem brimið kastar þrátt fyrir það á land liggur á rekanum ósnert árum og jafnvel áratugum saman, fúnar og sekkur að lokum í jörð. Sá viður sem þannig skolast á land er eigendum sínum ekki happafengur. Hann er einskis virði og verra en það, því hann er eigendum sínum til hróplegrar skammar á meðan hann sekkur í jörð. Sem betur fer er þessu þó víða mikið betur sinnt og á stöku stað með miklum sóma.

Mestur hluti þess rekaviðar sem unninn er fer í girðingarstaura, en margir kvarta þó yfir að erfitt sé að markaðssetja þá. Ég held að oft sé ástæðan sú að þegar kaupendur vantar staura eru þeir ekki til og þá kaupa þeir sína staura í næstu verslun. Mér virðist að þeir rekabændur sem eiga tilbúna staura selji þá alltaf fljótlega, en þeir sem ekki vilja vinna þá fyrr en pöntun liggur fyrir selja aldrei mikið.

En besti viðurinn er of góður til að hluta hann niður í girðingarstaura. Hann er mikið þéttari og harðari en sá innflutti viður sem venjulega er á markaði og ætti því að öllu eðlilegu að vera á hærra verði sem gæðaviður. Nokkrir bændur hafa það góðar sagir að þeir geta sagað með þeim planka og jafnvel borðvið og er það eftirsótt af þeim sem hafa komist á bragðið að nota þannig við í glugga- og hurðarkarma og jafnvel í útihurðir og til mublusíði. Þess eru nokkur dæmi að bændur hafi sagað gólfborð úr "rauðaviði" í sumarbústaði eða stofur. Það er gamalþekkt að slíkur viður endist margfalt á við annan þar sem mikil hætta er á fúa, t.d. í gluggakörmum. Fyrir utan meiri gæði viðarins er ástæðan sú að viðurinn er fúavarinn með náttúrulegu fúavarnarefni, þar sem sjávarseltan er, þegar sjórinn skilar honum á land.

ÍBÚÐARHÚS ÁN AÐKEYPTRAR SPÝTU

Nefna má nýlegt dæmi um nýtingu rekaviðar sem er til fyrirmyndar. Í Þorpum í Steingrímsfirði er mikill reki, einkum á Gálmaströnd. Lengi hefur verið góð umhirða um Þorparekann og hann nýttur að fullu. Nú er verið að byggja nýtt íbúðarhús í Þorpum. Er það timburhús á steiptum grunni og ekki frábrugðið öðrum slíkum húsum,

¹³ Skogforsk, 5/1991, N.L.H. Ivar Samset.

ekkert hugsað um seinni tímann.”¹⁰ Aftur á móti fá Strandamenn betra orð fyrir smíði á alls kyns búshlutum og segir Eggert að smíðisgripir manna úr Streingrímsfirði og Trékyllisvík séu einkum rómaðir. Og Ólafur Olavíus sem ferðaðist um Strandir um tuttugu árum síðar segir, þegar hann fjallar um rekaviðinn: “Strandamenn smíða úr honum báta, keröld, ausur, skálar, matarföt stór og smá, öskjur, skrinur, trog, könnur og aska.” - Og ennfremur: “Á næstum hverju sumri fara Strandamenn söluferðir með smíði þessa suður á land og allt til Alþingis. Flytja þeir varninginn á hestum yfir fjöll, dali og ár, því að engin eru flutningaskipin. En allt um þessa erfiðleika, svarar það þó kostnaði.”¹¹ Svo fer Olavíus nokkrum orðum um verðlag á hinum ýmsu hlutum. Á þessu sést hvað rekinn og nýting hans hefur verið stór þáttur í lífsbjörg manna á þessum slóðum. Hann er notaður við allar byggingar, reyndar í óhófi, og hann er notaður í smíði allra búsgagna, bæði til heimanota og til sölu. Frá honum stafar mikið af þeim gjaldmiðli, sem hægt er að kaupa fyrir það sem ekki er framleitt á búunum sjálfum.

FLUTNINGATÆKNI NÁTTÚRUNNAR

En eftir hvaða leiðum koma nú þær guðs gjafir sem Oddur biskup talaði um á sextánda öld? Ýmsir hafa getum að því leit, m.a. Oddur biskup, þar sem hann segir: “En hvort hann kemur frá auðnum hins nálæga Grænlands eða alla leið frá einhverjum árósum Noregs er mér allsendis ókunnugt.”

Árið 1991 birti dr. Ivar Samset, fyrrum prófessor við norska landbúnaðarháskólann í Ási ritgerð í tímariti rannsóknarstöðvar háskólans í skógfræðum, “Skogforsk,” sem hann kallar “Naturens egen transportteknik löste et ressursproblem” (Flutningatækni náttúrunnar sjálfrar leysti skort á hráefni.) Þar segir hann frá rannsóknarferð sinni á rekaförum í Strandasýslu og á Jan Mayen sumarið 1990 og frá kenningum sínum um uppruna rekaviðarins á þessum stöðum. Í rannsóknunum sínum gerði hann magnákvarðanir á einstökum stöðum, aldursgreindi nokkuð af rekaviði og tók sýni til tegundagreininga, sem síðan voru rannsökuð í trjátækniðild norska landbúnaðarháskólans.

Í Skjaldbjarnarvík gerði Samset magnmælingar á rekanum. Komst hann að þeirri niðurstöðu að árlegt viðarmagn þar væri að meðaltali 38 rúmmetrar á hvern hektara í fjörunni. Af rekaviðnum reyndust 42% vera lengri en 3 metrar, 23% gildari en 20 cm og 70% stærri en 0,1 rúmmetri. “Það eru ekki margir skógarteigar í Noregi sem státa af slíku viðarmagni,” segir Samset.

Elsta tré sem Samset aldursgreindi eftir áhringjum var 365 ára gamalt lerkitré (rauðaviður) á Gálmaströnd í Steingrímsfirði, en fjöldi trjáa var 2-300 ára gamall.¹²

LEIÐIN LIGGUR UM NORÐURHEIMSKAUTIÐ

Hin miklu hafsvæði sem umlykja norðurheimskautið eru þakin ísi allt árið. Fridtjof Nansen varð fyrstur til að sýna fram á það árið 1897 að þessi hafis er á reki frá Beringssundi yfir heimskautið og berst þaðan til suðurs um sunnið milli Grænlands og Svalbarða. Þessu til sönnunar benti hann á för rannsóknarskipsins Jeanette, sem sigldi gegnum Beringssund, en sökk við eyjarnar Novasibirskie ostrova árið 1881. Leyfar af skipsflakinu fundust síðar fyrir vestan Hvarf á Grænlandi. Síðar sannaði Nansen þetta sjálfur með “Fram”leiðangrinum, en hann sigldi frá Noregi austur með strönd Síberíu,

¹⁰ Ferðabók, 1943. Eggert Ólafsson.

¹¹ Ferðabók, 1964. Ólafur Olavíus.

¹² Skogforsk, 5/1991, N.L.H. Ivar Samset.

e.t.v. sömu leið til baka til neytandans. Æskilegast væri að koma upp kerfi þar sem hægt væri að koma á beinum samböndum milli kaupenda og seljenda. Það væri hægt með því að fá einhvern aðila, einstakling eða einhver félagasamtök bænda á svæðinu til að skrá í tölvu þá framleiðsluvöru sem væri á boðstólum hjá hverjum og einum. Síðan væri það hlutverk skráningaraðilans að svara fyrirspurnum kaupenda í símanúmeri sem þyrfti að auglýsa vel, og leiða saman kaupanda og seljanda. Eftir það ættu þeir með sér milliliðalaus viðskipti og varan færi milli þeirra beinustu leið. Það er mikilvægt ef hægt væri að losna sem mest við milliliðakostnað og að sem mestur hluti endanlegs kostnaðarverðs gæti lent hjá framleiðandanum. Skráninguna mætti fjármagna með vægu skráningargjaldi.

Nokkru fjármagni þyrfti að verja til að auglýsa afurðir frá rekaviðarvinnslu. Þar þyrftu framleiðendur að gera sameiginlegt átak og ekki væri óeðlilegt að Framleiðnisjóður eða smáverkefnasjóður styrktu slíkt átak.

Æskilegt væri að vekja athygli á þessum vörum með fréttum og myndum í dagblöðum og tímaritum. Áhugavert væri að birta myndir og viðtöl við fólk sem býr í híbýlum, sem að miklu leyti eru smíðuð úr rekaviði í einhverju af "glanstímaritunum," t.d. Hús og híbýli.

Að lokum örfáir áherslupunktur um nýtingu og sölu rekaviðar:

- Allan rekavið á að hirða.
- Úr besta viðnum á að framleiða timbur til bygginga og smíða.
- Lakari viðinn á að nota í girðingarstaura.
- Allan úrgangsvið og úrgang frá timburvinnslu á að nota til kyndingar.
- Koma þarf á skipulögðu markaðskerfi á afurðum frá rekaviðarvinnslu.